

Hafnarfirði 20. apríl 2018


Til: **Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar.**

Varðandi: **Breyting á lóð við Hrauntungu 5, Hafnarfirði.**

Við undirrituð, eigendur húsanna að Hraunbrún 51 og 53 viljum þakka Umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar fyrir að gefa okkur kost á að gera athugasemdir við breytingartillögu samkvæmt grenndarkynningu varðandi nýbyggingar á reit 2.0 að Hrauntungu 5, Hafnarfirði.

**Við viljum koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:**

- A. Við undirrituð erum ekki andvíg byggingu tveggja einbýlis- eða tvíbýlishúsa meðfram Hrauntungu, þ.e. á reit milli Hrauntungu 1 og Víðistaðaskóla. Og enda höfum við alltaf gert okkur grein fyrir því að þar kæmu ný hús í stað þeirra óásjálegu gömlu húsa sem þegar eru á reitnum. En við höfum þó alltaf staðið í þeirri meiningu að útlit þeirra nýju húsa yrði sem mest í samræmi við þau hús sem þegar eru í nágrenninu. Hins vegar erum við algjörlega andvíg því að syðsta húsið verði byggt, innar á fyrirhuguðum byggingarreit.
- B. Fyrirhugað byggingarsvæði er inni á miðju gamalgrónu einbýlishúsahverfi þar sem blandað er saman húsum á einni hæð og tvílyftum timburhúsum. Teljum við það ekki samrýmast þeirri byggð sem fyrir er að byggja þrjú tvíbýlishús/parhús, svo ólík og svo nærri þeim húsum sem fyrir eru. Þá er þéttleiki húsa og lóða á byggingarreit langt umfram það nýtingarhlutfall sem eðlilegt getur talist miðað við aðstæður en viðmið í kynningargögnum er aðeins við þéttustu raðhúsalóðirnar.
- C. Útlit fyrirhugaðra húsa er í hróplegu ósamræmi við þau hús sem þegar eru fyrir á svæðinu. Má í því sambandi benda á að mænishæð fyrirhugaðra húsa er teiknuð 8 metrar og er því töluvert hærri en þakhæð tvílyftu timburhúsanna sem næst standa. Mænishæð húss að Hraunbrún 51 er 7.10 metrar og mænishæð húss að Hraunbrún 53 er ekki nema 6,90 metrar. Þá er 6 m veggshæð sem snýr að Hraunbrún 53 sem er í hrópandi ósamræmi við næstu hús.
- D. Staðsetning syðsta hússins kemur til með að þrengja verulega að húsi númer 51 við Hraunbrún og loka að mestu leiti fyrir það útsýni til sjávar sem þegar er frá húsi númer 53.

	Hafnarfjarðar 100ær
Íenk:	23.4.2018
Átalsnr:	1705346
Staf:	511

- E. Á teikningum sem fylgja grenndarkynningu er skuggavarp þann 21. júní sýnt til klukkan 16:00. Ekki er sýnt neitt skuggavarp eftir þann tíma en einmitt þá nýtur síðdegis- og kvöldsólar inn á lóð húss númer 53. Vegna staðsetningar syðsta hússins og hæðar þess mun ekki njóta lengur síðdegis- og kvöldsólar inn á baklóð, sólpall og svalir og sólpall með heitum potti bakvið bílskúr við hús númer 53. Óskum við eftir að sjá skuggavarp kvöldsólar og vetrar.
- F. Samkvæmt teikningum er fyrirhugað bílastæði fyrir 15 bíla milli Hrauntungu 1 og 5. Þetta bílastæði er þétt að lóðamörkum við Hraunbrún 53. Teljum við að af því muni stafa veruleg hljóð- og ljósmengun vegna bílaumferðar á planinu.
- G. Einnig höfum við áhyggjur af því að sölumöguleikar og söluverðmæti húsanna að Hraunbrún 51 og 53 skerðist verulega vegna nálægðar við fyrirhugað þriðja parhús syðst á byggingarreit og skerðingu á öllu útsýni frá húsi númer 53. Svo og vegna fyrirhugaðs bílastæðis alveg að lóðamörkum húss númer 53.
- H. Þegar jarðvinna fór fram vegna þeirra bygginga sem þegar eru fyrir á byggingarreit kom í ljós að þar undir var gamall ruslahaugur. Þar var áður fyrr hent allskonar rusli, t.d. bílhræjum, bílpörtum og fleiru því tengdu. Hugsanlega er jarðvegur enn mengaður af blýi og síru úr rafgeymum úr ónýtum bílhræjum. Allt rask í tengslum við undirbúning húsbygginga gæti aukið mengun á svæðinu og þyrfti því að rannsaka jarðveg áður en til þess kæmi.
- I. Við viljum ítreka að við höfum verulegar athugasemdir við fyrirhugaðar byggingar eins og fram kemur hér að ofan. Förum við íbúar að Hraunbrún 51 og 53 því þess á leit að aftur fari fram kynningarfundur vegna deiliskipulagstillagna á reit 2.0 að Hrauntungu 5.

Virðingarfyllst

Stein Þórunn Þórhannsson 140444-7669

Halldór Björnsson 240149-7299

Sigurjóna Scheving, 230551-3329